

16.12.2008

Alþingi
Erindi nr. P 136/541
komudagur 16.12.2008

Umsögn Starfsmannafélags Ríkisútvarpsins um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 6/2007, um Ríkisútvarpið ohf., 218. mál

Starfsmannafélag Ríkisútvarpsins leggur áherslu á að ef takmarkanir um birtingar sjónvarpsauglýsinga og kostanna verði með þeim hætti sem segir í frumvarpinu, verði Ríkisútvarpinu bætt það með öðrum tekjum.

Samkvæmt útreikningum verður Ríkisútvarpið ohf af tekjum allt að kr: 400.milljónum vegna skerðingar á kostunnum og auglýsingum.

Samkvæmt matsnefndarskýrslu vegna stofnefnahagsreiknings frá stofnun Ríkisútvarpsins ohf kemur fram að áætlaðar tekjur af nefskattinum verði árið 2009 kr: 3.872 milljónir að teknu tilliti til verðbreytinga, en samkvæmt frumvarpinu verða tekjur RÚV af nefskattinum kr: 3.670 milljónir og munar þar kr: 202 milljónum

Verði frumvarpið samþykkt óbreytt, er verið að skerða tekjur RÚV um kr: 600 milljónir, sem hlýtur að koma verulega niður á starfsemi stofnunarinnar og uppsögnum starfsfólks.

Starfsmannafélag Ríkisútvarpsins vill minna á að RÚV hefur verið að skera mikið niður að undanfögnu, sem hefur bitnað mikið á starfseminni og t. a. m. var á þriðja tug starfsmanna sagt upp og öðru eins af verktökum. Við minnum á að okkar starfsmenn eru jafnrétt háir starfsmönnum annarra fjölmiðla til vinnu.

Við minnum á að Ríkisútvarpið ohf er eini hlutlaus fjölmiðilinn í landinu í dag og við lítum á það sem aðför að lýðræðinu ef stjórnvöld skera RÚV meira niður en orðið er. Nýbúið er að skera niður um kr:700 milljónir og nú á að taka kr: 600 milljónir í viðbót.

Gunnar Magnússon

formaður SRÚ

Sigrún Elíasdóttir

ritari SRÚ